

Apríl 2026



Kynjuð fjárlagagerð: Stöðumat og valkostir

Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Febrúar 2026

fjr.is

Umbrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2026 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

ISBN 978-9979-820-92-5

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Stöðumat.....	6
2.1 Mat á árangri gildandi áætlunar.....	6
2.2 Greining á stöðunni	7
2.3 Samanburður við önnur ríki.....	11
3. Framtíðarsýn og áherslur til umræðu	13
3.1 Framtíðarsýn.....	13
3.2 Áherslur.....	13
4. Hver er þín skoðun?.....	16

Stöðumat og valkostir

Stöðumat og valkostir (grænbók) er greining á tilteknu viðfangsefni sem stjórnvöld hafa ákveðið að skoða nánar, ýmist sem undanfara stefnumótunar og/eða frumvarpsgerðar. Stöðumatið er sett í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið að taka þátt og setja fram sín sjónarmið um það.

Stöðumat og valkostir innihalda upplýsingar um viðfangsefnið og núverandi stöðu þess. Tekin er saman sú tölfræði sem til er um viðfangsefnið, hvort sem um er að ræða innlenda tölfræði eða samanburðartölfræði við önnur ríki. Stöðumatið gefur gott yfirlit yfir lykilviðfangsefnin fram undan og helstu leiðir eða áherslur við úrlausn þeirra.

Að loknu samráði um stöðumat og valkosti eru niðurstöður dregnar saman og mótuð áætlun sem inniheldur framtíðarsýn fyrir málefnið og áherslur sem vísa leiðina ásamt aðgerðum.

1. Inngangur

Þetta stöðumat er undanfari að gerð áætlunar um kynjaða fjárlagagerð sem tekur við af fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019–2023.

Kynjuð fjárlagagerð er ferli þar sem samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða er beitt á fjárlagaferlið á öllum stigum. Kynjasjónarmið eru þannig fléttuð inn í stefnumótun og ákvarðanatöku og leitast er við að greina kynjaáhrif fjárlaga. Kynjuð fjárlagagerð hefur það að markmiði að stuðla að jafnrétti, betri nýtingu opinbers fjár og almennri velferð. Hugað er að því hvaða áhrif ákvarðanir varðandi útgjöld og tekjuöflun ríkisins hafa á jafnrétti kynjanna áður en þær eru teknar, auk þess sem leitast er við að leggja mat á áhrif verkefna sem fjármögnuð eru af ríkinu. Í ljósi ólíkrar stöðu kynjanna geta slíkar ákvarðanir og verkefni ýmist stuðlað að jafnrétti, viðhaldið núverandi stöðu eða aukið kynjamisrétti eða kynjabil.

Innleiðing kynjaðrar fjárlagagerðar á Íslandi hófst árið 2009 og frá árinu 2011 hefur verið unnið eftir sérstakri áætlun um kynjaða fjárlagagerð. Kynjuð fjárlagagerð var lögfest með lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, þar sem annars vegar er kveðið á um að fjármála- og efnahagsáðherra, í samráði við ráðherra jafnréttismála, hafi forystu um að gerð verði áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem höfð skuli til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga. Hins vegar að í frumvarpi til fjárlaga skuli gerð grein fyrir áhrifum þess á markmið um jafna stöðu kynjanna.

Verkefnisstjórn um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð, með fulltrúum allra ráðuneyta og leidd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu, hefur fylgt innleiðingu áætlunarinnar eftir og komið að stöðumatinu.

2. Stöðumat

2.1 Mat á árangri gildandi áætlunar

Í fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019–2023 voru skilgreind fjögur lykilverkefni og fjöldi aðgerða. Hér verður gerð grein fyrir stöðu þeirra aðgerða og hvað gert hefur verið. Litakóði gefur til kynna stöðu verkefnanna þar sem grænt táknar að verkefni sé lokið, gult að verkefni sé í vinnslu og rautt að verkefni sé ekki hafið eða að hætt hafi verið við það.

2.1.1 Kyngreind tölfraeðigögn

- Í júní 2020 var skipaður starfshópur um söfnun, notkun og birtingu kyngreindra tölfraeðigagna sem vann drög að skýrslu um kyngreind tölfraeðigögn.
- Handbók um kyngreind tölfraeðigögn hefur ekki verið gefin út.

2.1.2 Flokkun og greining á málefnasviðum og málaflokkum

- Jafnréttismat hefur verið unnið á langflestum málefnasviðum til að draga fram þau kynja- og jafnréttissjónarmið sem taka þarf tillit til innan hvers málaflokks og málefnasviðs. Niðurstöðurnar birtust fyrst í [Grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar 2019](#) og voru uppfærðar og dýpkaðar í Kortlagningu kynjasjónarmiða – [Stöðuskýrslu 2021](#) og [Stöðuskýrslu 2022](#). Byggt hefur verið á greiningunum í umfjöllun um áskoranir á sviði jafnréttismála í greinargerðum málefnasviða í fjármálaáætlun.
- Horfið hefur verið frá flokkun áhrifa kynja- og jafnréttissjónarmiða innan hvers málefnasviðs og málaflokks eftir vægi: mikil, meðal- eða lítil áhrif þar sem þetta reyndist of flókið í framkvæmd.
- Unnið hefur verið að bættu verklagi sem miðar að því að í auknum mæli sé tekið mið af niðurstöðum jafnréttismats við ákvarðanatöku. Liður í því er að ráðuneyti skrá niðurstöðu jafnréttismats með fjárlagatillögum sínum. Auk þess er aukin eftirfylgni með því að mat á jafnréttisáhrifum mála liggi fyrir við umfjöllun ríkisstjórnar um þau.
- Unnið er að frekari þróun nálgunar við endurmat útgjalda og er þar lagt upp með að tekið sé mið af samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Styrkja þarf framkvæmdina með betri leiðbeiningum og uppfærslu sniðmáta.
- Frá árinu 2020 hefur verið lagt mat á áhrif helstu ráðstafana í ríkisfjármálum á jafnrétti og gerð grein fyrir niðurstöðum í greinargerðum með fjármálaáætlun og frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga.

2.1.3 Samstarf

- Í mars 2021 var undirritaður samstarfssamningur við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands um samstarf um verkefni á sviði kynjaðrar fjárlagagerðar. Á

grundvelli hans vinna nemendur í námskeiðinu *Hagnýting jafnréttisfræða* árlega verkefni í samstarfi við ráðuneyti. Þá eru einnig dæmi þess að nemendur vinni meistararitgerðir í samstarfi við Stjórnarráðið.

- Kortlagning á hagsmunaaðilum hefur ekki farið fram og því hefur ekki verið fundað árlega með hagsmunaaðilum.
- Fundað hefur verið reglulega með félagasamtökunum *Femínísk fjármál*.

2.1.4 Fræðsla og kynningarmál

- [Verkfærakista fyrir kynjasambættingu](#) var gefin út í desember 2019. Þróað hefur verið vefnámskeið um jafnréttismat og var það gert aðgengilegt á fræðsluvef Stjórnarráðsins í febrúar 2022. Í júní 2022 var birtur nýr gagnvirkur [greiningarrámmi fyrir jafnréttismat](#). Auk þess hefur reglulega verið boðið upp á fræðsluerindi og vinnustofur fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins.
- Aðkoma ríkisstofnana að kynjaðri fjárlagagerð hefur ekki verið útfærð og fræðsla til þeirra því ekki átt sér stað.
- Gerð hefur verið fræðsluáætlun fyrir Stjórnarráðið en fræðsluáætlun fyrir ríkisstofnanir liggur ekki fyrir.
- Upplýsingar um kynjaða fjárlagagerð eru aðgengilegar á vef Stjórnarráðsins á íslensku og ensku. Heildarendurskoðun var gerð á hinu íslenska vefsvæði kynjaðrar fjárlagagerðar sumarið 2021 og enska vefsvæðinu í janúar 2023.
- Árið 2018 var gert myndband í samstarfi við Reykjavíkurborg um kynjaða fjárlagagerð en ekki hefur orðið framhald á því samstarfi.

2.2 Greining á stöðunni

OECD hefur skilgreint [sjö bestu starfsvenjur kynjaðrar fjárlagagerðar](#) sem eru eftirfarandi:

- Kynjuð fjárlagagerð styrki tengsl milli fjárlagagerðar og lykilmarkmiða í jafnréttismálum.
- Kynjuð fjárlagagerð sé sjálfbær umfram kjörtímabil eða breytingar í pólitísku landslagi.
- Kynjuð fjárlagagerð sé fléttuð inn í almenna umgjörð um fjárlagagerð.
- Aðferðir kynjaðrar fjárlagagerðar séu nýttar á öllum stigum fjárlagaferlisins.
- Kynjuð fjárlagagerð byggir á góðum gögnum og greiningu.
- Innleiðing kynjaðrar fjárlagagerðar sé studd af þekkingaruppbyggingu.
- Kynjuð fjárlagagerð styrki gagnsæi og ábyrgð stjórnvalda.

- Fulltrúar í verkefnisstjórn kynjaðrar fjárlagagerðar hafa dregið fram helstu styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri kynjaðrar fjárlagagerðar sem hér á eftir verða sett í samhengi við bestu starfsvenjur.

2.2.1 Tengsl milli fjárlagagerðar og lykilmarkmiða í jafnréttismálum

Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki skilgreint jafnréttismarkmið í sérstakri jafnréttisstefnu eða áætlun. Markmið í jafnréttismálum eru engu að síður nokkuð skýr og má m.a. lesa úr lögum um jafna stöðu kynjanna, framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum og markmiðum og mælikvörðum í einstaka málaflokkum. Í ljósi þess að ekki er um að ræða einhlítan lista jafnréttismarkmiða hefur ekki verið unnið markvisst með slík markmið í tengslum við kynjaða fjárlagagerð. Fyrir vikið eru ákveðnir veikleikar þegar kemur að sameiginlegum skilningi á því að hverju verið sé að vinna og hvernig eigi að forgangsraða.

Tækifæri eru til að bæta þar úr. Þannig gætu stjórnvöld skilgreint skýr markmið í jafnréttismálum sem byggja mætti á. Þetta væri bæði hægt að gera í sérstakri stefnu eða áætlun í jafnréttismálum en einnig í tengslum við kynjaða fjárlagagerð. Aðalatriðið er þó að verklag kynjaðrar fjárlagagerðar byggji á því að tengt sé við skilgreind lykilmarkmið.

2.2.2 Kynjuð fjárlagagerð er sjálfbær umfram kjörtímabil eða breytingar í pólitísku landslagi

Með lögum um opinber fjármál sem tóku gildi árið 2016 var kynjuð fjárlagagerð lögfest en lagaskylda er almennt talin mikilvægur þáttur í að viðhalda kynjaðri fjárlagagerð til lengri tíma. Pólitískur stuðningur við jafnréttismál er einnig mikill á Íslandi en hann er sérstaklega mikilvægur þegar fyrst er verið að innleiða kynjaða fjárlagagerð. Þrátt fyrir lagaskyldu er talin ákveðin hættu á að málið geti falli niður í forgangsröðun stjórnmalafólks og stjórnenda, t.d. vegna skorts á úthaldi við innleiðingu eða hugmynda um að jafnrétti sé þegar náð. Þá dregur OECD einnig fram mikilvægi þess að kynjuð fjárlagagerð sýni fram á aukið virði en það er vel þekkt áskorun að upplýsingar sem verða til við kynjaða fjárlagagerð eru vannýttar við ákvarðanatöku. Ísland er þar engin undantekning.

Tækifæri til að bregðast við þessum áskorunum og áhættu felast fyrst og fremst í bættum ferlum og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við öll ferli, sér í lagi þau sem fela í sér ákvarðanatöku.

2.2.3 Kynjuð fjárlagagerð fléttuð inn í umgjörð um fjárlagagerð

Kynjuð fjárlagagerð hefur verið fléttuð inn í þá umgjörð sem gildir um fjárlagagerð og er það m.a. talið til styrkleika að skýrir rammar séu utan um vinnuna og að ábyrgð og verklag liggi fyrir. Það að verkefninu sé stýrt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu er í samræmi við bestu starfsvenjur og hefur nauðsynleg sérþekking verið byggð upp innan ráðuneytisins þótt vissulega megi dreifa þeirri þekkingu víðar.

Tækifæri eru þó til að nýta betur þann slagkraft sem ráðuneytið getur haft. OECD nefnir sem dæmi að fagráðuneyti séu líklegri til að vinna fullnægjandi

jafnréttismat á fjárlagatillögu ef þau vita að það hafi áhrif á hvort tillagan verði tekin til skoðunar.

2.2.4 Aðferðir kynjaðrar fjárlagagerðar nýttar á öllum stigum fjárlagaferlisins

Skipta má fjárlagaferlinu upp í þrjú stig: undirbúning, samþykkt og framkvæmd og eftirfylgni. Á Íslandi eru aðferðir kynjaðrar fjárlagagerðar nýttar á öllum stigum þótt minnst sé gert af því við framkvæmd fjárlaga og eftirfylgni með þeim.

Það er talið til styrkleika að mikið af gögnum og greiningum liggi fyrir og gott aðgengi sé að sérfræðiþekkingu en þessir þættir styðja sérstaklega við vinnu á undirbúningsstigi. Í því samhengi var dregið fram sem styrkleiki að gera þurfi grein fyrir niðurstöðu jafnréttismats við skráningu fjárlagatillagna. Nokkuð vantar þó upp á að jafnréttismat sé alltaf gert með fullnægjandi hætti og niðurstöður skráðar inn í miðlægt kerfi fjárlagatillagna. Núverandi ríkisstjórn leggur áherslu á að styrkja framkvæmd rammafjárlagagerðar þar sem ný mál eru í ríkari mæli fjármögnuð innan gildandi útgjaldaramma málefnasviða í stað þess að ráðuneyti geri tillögu að nýjum útgjaldamálum sem leiða til stækkunar rammans. Þetta leiðir til breytinga á verklagi sem taka þarf mið af við vinnulag kynjaðrar fjárlagagerðar.

Samantekt á niðurstöðum jafnréttismats ráðstafana er birt í fjármálaáætlun og í frumvarpi til fjárlaga og fjáraukalaga og liggur því fyrir við umfjöllun og samþykki Alþingis, þótt þær upplýsingar fái sjaldnast mikla umfjöllun.

Þegar kemur að framkvæmd fjárlaga og eftirfylgni hafa reglulega verið greind áhrif ýmissa verkefna á jafnrétti kynjanna og niðurstöðurnar birtar í stöðuskýrslu en mat á jafnréttisáhrifum stefnu og aðgerða mætti gera með markvissari hætti. Könnun á stöðu stefnumótunar og áætlanagerðar innan Stjórnarráðsins hefur einmitt dregið fram að eftirfylgni og mati á árangri stefna og áætlana er oft ábótavant. Fyrirhuguð er mótun fræðslu- og stuðningsefnis þar að lútandi og mikilvægt að þar verði hugað að mati á áhrifum á jafnrétti. Auk þess eru tækifæri til að flétta kynja- og jafnréttissjónarmið markvisst inn í endurmat útgjalda sem unnið er að því að innleiða.

2.2.5 Kynjuð fjárlagagerð byggir á góðum gögnum og greiningu

Aðgengi að kyngreindum gögnum er nokkuð gott. Hagstofa Íslands sundurgreindir svo til öll gögn sem fjalla um einstaklinga eftir kyni og í mörgum tilfellum einnig öðrum bakgrunnsbreytum, líkt og aldri eða búsetu. Sama gildir um stofnanir sem birta tölfræðiupplýsingar um starfsemi sína. Mikil tækifæri eru þó í að bæta skráningu og birtingu gagna þannig að þau varpi ljósi á fleiri þætti sem skilgreina einstaklinga, t.d. uppruna, félagslega stöðu, kynhneigð og fötlun, auk þess sem skráning og miðlun gagna þarf að taka mið af kynhlutlausri skráningu.

Kyngreind gögn skortir þó enn á ýmsum sviðum og hefur það verið kortlagt að einhverju marki. Þannig hefur verið skilgreind þörf fyrir rannsóknir sem fanga

kynjuð málefni og sem dæmi hefur Hagstofa Íslands framkvæmt tímanotkunar-rannsókn sem var sérstaklega ætlað að fanga upplýsingar um ólaunaða vinnu.

Tölulegar upplýsingar um stöðu kynjanna og nýtingu þeirra á ýmissi opinberri þjónustu hafa verið birtar í stöðuskýrslum. Tækifæri er til að bæta utanumhald gagna innan Stjórnarráðsins og aðgengi ráðuneyta að kyngreindum gögnum.

2.2.6 Innleiðing kynjaðrar fjárlagagerðar sé studd af þekkingaruppbyggingu

Fræðsla og uppbygging þekkingar á kynja- og jafnréttissjónarmiðum er viðvarandi verkefni en ýmis skref hafa verið tekin til að tryggja greitt aðgengi sérfræðinga í Stjórnarráðinu að viðeigandi fræðsluefni. Þá hefur farsælt samstarf við námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands verið formgert með samstarfssamningi. Samningur felur í sér að Stjórnarráðið leggur til hugmyndir að hagnýtum verkefnum sem unnin eru af kynjafræðinimum auk þess að gera ráð fyrir samstarfi um meistaraverkefni.

Auk þess að halda áfram að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu um kynjasamþættingu og kynjaða fjárlagagerð eru tækifæri til að flétta fræðslu um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða betur inn í aðra fræðslu fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins, t.d. nýliðafræðslu og ýmis önnur námskeið á vegum Stjórnarráðsskólans. Þá eru einnig tækifæri til að breikka markhóp fræðslunnar, t.d. þannig að hún nái einnig til stofnana ríkisins en fyrst þyrfti að skilgreina markmið þeirrar fræðslu.

2.2.7 Kynjuð fjárlagagerð styrki gagnsæi og ábyrgð stjórnvalda

Með kynjaðri fjárlagagerð hafa í auknum mæli verið dregnar fram upplýsingar um áhrif ráðstafana stjórnvalda á ólíka hópa. Það að slíkar upplýsingar, sem byggja á áreiðanlegum gögnum, liggi fyrir snemma í stefnumótunar- og áætlunarferlinu stuðlar að upplýstari ákvarðanatöku. Tækifæri eru til bæta gagnsæi enn frekar með birtingu á jafnréttismati nýrra ráðstafana. Þá eru einnig tækifæri til markvissari greiningar á dreifingu skatta og tilfærslna eftir kyni og birtingar á því. Loks mætti mat á jafnréttisáhrifum stefna og aðgerðaáætlana vera markvissara og tækifæri til að þróa frekar verklag og góðar fyrirmyndir.

Í mörgum OECD-ríkjum sem stunda kynjaða fjárlagagerð gegna eftirlitsaðilar líkt og þjóðþing og ríkisendurskoðun mikilvægu hlutverki við mat á áhrifum ráðstafana á jafnrétti og áhrifum kynjaðrar fjárlagagerðar sem slíkrar. Þetta hefur að mjög takmörkuðu leyti átt sér stað hérlandis og væru tækifæri fyrir þessa aðila til að leggja aukna áherslu á mat á árangri í sínum úttektum og taka kynja- og jafnréttissjónarmið inn í þá vinnu. Auk þess væri gagnlegt að fá mat óháðra aðila á ávinningi kynjaðrar fjárlagagerðar.

2.2.8 Innra skipulag styðji við kynjaða fjárlagagerð

Til viðbótar við þau sjó viðmið um bestu starfsvenjur sem OECD hefur skilgreint er mikilvægt að innra skipulag í stjórnsýslunni styðji sem best við kynjaða fjárlagagerð.

Meðal helstu styrkleika núverandi skipulags er verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð sem skipuð er fulltrúum allra ráðuneyta, auk þess sem styrkur er í jafnréttisfulltrúum sem starfa í öllum ráðuneytum. Þó eru tækifæri til að bæta samstarf milli þessara hópa, nýta sérþekkingu þeirra betur og virkja fleiri aðila í vinnunni. Þá eru einnig tækifæri til að styrkja skipulag og ferla innan ráðuneyta þannig að stuðla megi að því að kynja- og jafnréttisáhrif séu skoðuð strax á undirbúningsstigi og að tekið sé mið af þeim í gegnum alla vinnuna.

2.3 Samanburður við önnur ríki

OECD hefur þrisvar gert könnun á kynjaðri fjárlagagerð í aðildarríkjum og síðast árið 2022. [Niðurstöður úr könnuninni](#) voru birtar í júlí 2023.

Aðildarríkjum OECD sem stunda kynjaða fjárlagagerð hefur fjölgað mikið á síðustu árum, úr 12 árið 2016 í 23 árið 2022 sem eru ríflega 60% aðildarríkja. Þá hefur ríkjum með löggjöf um kynjaða fjárlagagerð einnig fjölgað. Líkt og á Íslandi er ábyrgðin í flestum ríkjum hjá fjármálaráðuneytum.

Þegar kemur að aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar er algengast að ríki flétti kynjasjónarmið inn í árangursmiðaða áætlanagerð líkt og gert er á Íslandi. Þá er einnig algengt að ríki merki útgjaldaliði eftir áhrifum á jafnrétti (e. gender tagging). Þetta hefur ekki verið gert hér þar sem talið var vandasamt að merkja fjárlagaliði með þessum hætti. Bæði kemur þar til að einstaka verkefni á sama fjárlagaliði geta haft ólík áhrif á jafnrétti, auk þess sem mikið veltur á útfærslu hverju sinni. Því hefur áhersla hér verið lögð á að meta áhrif nýrra ákvarðana og merkja í miðlægt kerfi fjárlagatillagna. Jafnréttismat við ákvarðanatöku (e. ex-ante gender impact assessment) er einmitt útbreidd aðferðafræði ásamt mati á áhrifum eftir innleiðingu (e. ex-post gender impact assessment) sem einnig er beitt hérlendis en ekki með jafn markvissum hætti. Athygli vekur að einungis þrjú ríki segjast flétta kynjasjónarmið inn í endurmat útgjalda (e. spending reviews) og er Ísland eitt þeirra en nálgunin er enn á tilraunastigi hérlendis.

Algengast er að ríki flétti umfjöllun um kynjaáhrif inn í almenna umfjöllun í fjárlagafrumvarpi líkt og hérlendis, en einnig eru dæmi þess að slíka umfjöllun sé að finna í viðauka eða sérstöku riti um áhrif frumvarpsins á jafnrétti (e. gender budget statement). Slíkar skýrslur þekkjast t.d. í Ástralíu, Kanada og á Spáni og eru í sumum tilfellum ansi umfangsmiklar.

Nálgunin á Íslandi sker sig hvað mest úr þegar kemur að utanaðkomandi eftirliti með kynjaðri fjárlagagerð en í meiri hluta ríkja sem stunda kynjaða fjárlagagerð er regluleg upplýsingagjöf til þingsins og/eða fyrirtökur hjá þingnefndum. Þetta hefur ekki verið raunin hérlendis. Í sex ríkjum hefur ríkisendurskoðun einnig hlutverki að gegna við eftirlit með kynjaðri fjárlagagerð.

Almennt eiga ríki erfitt með að leggja mat á áhrif kynjaðrar fjárlagagerðar og einungis átta ríki segjast hafa aðferðafræði til þess. Ísland er ekki eitt þeirra. Þá segir einungis eitt ríki, Kanada, að upplýsingar sem verða til við kynjaða

fjárlagagerð séu ávallt nýttar við ákvarðanatöku. Algengast er að slíkar upplýsingar séu stundum nýttar og á það einnig við hérlendis.

Við heildstætt mat á stöðu kynjaðrar fjárlagagerðar þar sem allir þættir vega jafn mikið er Ísland í 3. sæti á eftir Kanada og Austurríki og í hópi sjö ríkja sem teljast vera með þróaða nálgun. Helstu styrkleikar Íslands snúa að stjórn-skipulagi, styðjandi umhverfi og nýtingu verkfæra en umbótatækifæri eru á sviði eftirlits og gagnsæis auk áhrifa kynjaðrar fjárlagagerðar á ákvarðanatöku.

3. Framtíðarsýn og áherslur til umræðu

3.1 Framtíðarsýn

Með kynjaðri fjárlagagerð er opinberu fjármagni forgangsraðað í þágu jafnréttis sem þýðir að mikilvæg verkefni sem stuðla að jafnrétti eru fjármögnuð. Kynja- og jafnréttissjónarmið eru höfð til hliðsjónar við mótun og forgangsroðun nýrra verkefna þannig að þau stuðla að eða viðhalda jafnrétti þar sem því er við komið.

3.2 Áherslur

Út frá stöðumati hafa verið dregin fram fimm lykilviðfangsefni sem talin eru líkleg til að efla kynjaða fjárlagagerð og stuðla að jafnrétti kynjanna. Lagt er til að eftirfarandi áherslur verði í forgrunni við mótun nýrrar fimm ára áætlunar um kynjaða fjárlagagerð:

1. Samtvinnun mismunabreyta
2. Gagnavinnsla og miðlun upplýsinga
3. Eftirfylgni og mat á árangri
4. Samstarf og samráð við hagaðila
5. Skipulag, ferlar og fræðsla

3.2.1 Samtvinnun mismunabreyta

Með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 er í fyrsta skipti kveðið á um bann við fjölþættri mismunun. Í markmiðsákvæði laganna er vinna gegn slíkri mismunun nefnd sem ein leið til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Fjölþætt mismunun er skýrð sem mismunun á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem nýtur verndar samkvæmt jafnréttislögum eða lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði, þ.e. á grundvelli kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar.

Í 18. gr. laga um opinber fjármál er aðeins kveðið á um að gera skuli grein fyrir áhrifum á jafna stöðu karla og kvenna. Byggir það ákvæði á jafnréttislögum frá árinu 2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem síðar tóku fyrrgreindum breytingum árið 2020. Í samræmi við nágildandi jafnréttislöggjöf er því talin þörf á að kynjuð fjárlagagerð vinni með markvissum hætti gegn fjölþættri mismunun með því að taka fleiri þætti en kyn inn í greiningar. Í því samhengi þarf m.a. að uppfæra leiðbeiningar og fræðsluefni, kortleggja hvaða kröfur samtvinnun mismunabreyta gerir til gagna og uppfæra kortlagningu

kynjasjónarmiða á hverju málefnasviði en síðasta stöðuskýrsla þess efnis var gefin út árið 2022.

Kanada hefur verið í fararbroddi í framkvæmd kynjaðrar fjárlagagerðar með samtvinnun mismunabreyta meðal aðildarríkja OECD og því verður við framkvæmd fyrrgreindra verkefna litið til aðferðar þeirra, *Gender Based Analysis Plus*.

3.2.2 Gagnavinnsla og miðlun upplýsinga

Greitt aðgengi að gögnum er ein af forsendum þess að hægt sé að vinna að kynjaðri fjárlagagerð og gegn margþættri mismunun. Mikið liggur fyrir af kyngreindum gögnum en bæta má aðgengi ráðuneyta og annarra sem þurfa að nýta þau. Aðgerðir í [Þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026–2029](#) sem snúa að kyngreindri tölfræði og þróun og birtingu mælikvarða í jafnréttismálum styðja við þessa áherslu.

Við greiningu ráðuneyta á jafnréttisáhrifum einstaka ráðstafana hefur mikið orðið til af gögnum og mikilvægt að bæta utanumhald utan um þessi gögn svo einfalda megi vinnuna. Í því samhengi er vert að skoða betri nýtingu tækja og tóla til greiningar og framsetningar gagna.

Magn upplýsinga sem verða til við kynjaða fjárlagagerð hefur aukist og með því verður flóknara að fá yfirsýn yfir þær. Vinna þarf að framsetningu þar sem með auðveldum hætti má fá yfirsýn yfir sem flestar afurðir kynjaðrar fjárlagagerðar. Einnig mætti auka upplýsingamiðlun með birtingu á jafnréttismati nýrra ráðstafana í fjárlagafrumvarpi.

3.2.3 Eftirfylgni og mat á árangri

Bæta þarf samþættingu við árangursmiðaða áætlanagerð og virkja betur ríkisstofnanir sem eru oft framkvæmdaraðilar. Tækifæri eru til að nýta þau tól sem þegar eru til staðar, t.d. þriggja ára áætlanir stofnana, fjárveitingabréf og áherslur í ríkisrekstri. Þá eru einnig mikil tækifæri í samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í endurmati útgjalda og aukinni aðkomu eftirlitsstofnana.

3.2.4 Samstarf og samráð við hagaðila

Samráð hefur verið takmarkað og skilgreina þyrfti aðila sem æskilegt er að eiga samráð við, í hvaða tilgangi og með hvaða hætti. Gert er ráð fyrir að samstarfi við Háskóla Íslands verði haldið áfram og hugað að eflingu samstarfs við sveitarfélög og ríkisstofnanir.

Í samhengi við samtvinnun mismunabreyta er mikilvægt að samráð sé haft við fulltrúa jaðarsettra hópa þannig að nálgunin taki sem best mið af upplifun ólíkra hópa af margþættri mismunun. Þá er Alþingi mikilvægur hagaðili í tengslum við gagnsæi og miðlun upplýsinga og æskilegt að samstarf við þingið sé eft.

3.2.5 Skipulag, ferlar og fræðsla

Greina þarf lykilþætti sem þurfa að vera til staðar í skipulagi ráðuneyta fyrir farsæla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlaga- og áætlanagerð og við stefnumótun og gerð lagafrumvarpa. Stuðla þarf að betra samstarfi allra þeirra sem koma að samþættingunni svo tryggja megi að jafnréttismat sé unnið fyrir í ferlinu. Tækifæri eru til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í aðra fræðslu fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins svo ná megi til breiðari hóps.

Þá þarf að skilgreina aðkomu ríkisstofnana að kynjaðri fjárlagagerð þannig að hugað sé að kynja- og jafnréttissjónarmiðum, bæði við undirbúning og innleiðingu verkefna. Í kjölfarið verði skipulag mótað og viðeigandi fræðsla fyrir stofnanir skipulögð.

4. Hver er þín skoðun?

Markmið þessarar grænbókar er að hvetja til umræðu um kynjaða fjárlagagerð, mats á stöðunni ásamt framtíðarsýn og áherslum til næstu ára. Sérstaklega er óskað eftir umfjöllun og endurgjöf um eftirfarandi þætti:

- **Stöðumat.** Er matið rétt sett fram? Eru einhver atriði sem þyrfti að fjalla frekar um eða vantar umfjöllun um?
- **Framtíðarsýn.** Hvernig líst þér á þá framtíðarsýn sem hér er dregin upp? Myndir þú vilja sjá breytingar á henni?
- **Áherslur.** Hvaða áherslur telur þú líklegastar til að skila árangri til framtíðar? Eru einhverjar áherslur sem þér finnst vanta?

Grænbókin er í samráði á samradsgatt.is til 26. apríl 2026 og í kjölfar samráðs verður unnið úr athugasemdum og mótuð áætlun um kynjaða fjárlagagerð til næstu ára.

